

Priðjudaginn 14. október 1997.

Nr. 413/1997.

Glit ehf.

(sjálfur)

gegn

Ara og Co.

(Hreinn Pálsson hrl.)

Kærumál. Útivist. Endurupptaka. Boðun þinghalds.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. október 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. september 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um endurupptöku máls varnaraðila gegn honum í kjölfar útivistar af hálfu sóknaraðila í þinghaldi 11. sama mánaðar. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju frá og með þinghaldi 11. september 1997, svo og, að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og nánar greinir í úrskurði héraðsdómara, sendi hann fyrirsvarsmanni sóknaraðila boðun til þinghaldsins 11. september 1997 með ábyrgðarbréfi 4. sama mánaðar, sem fyrirsvarsmaðurinn vitjaði ekki um á pósthúsi, fyrr en þinghaldið var um garð gengið. Fallist verður á það með héraðsdómara, að tilkynning þessi hafi verið send með nægum fyrirvara, en boðun þinghalds í ábyrgðarbréfi fullnægir áskilnaði 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991, enda er þá sannanlegt, hvort hún hafi verið send, og þar með á áhættu viðtakanda, hvort hann hafi fengið hana í hendur. Fyrirsvarsmaður sóknaraðila hefur ekki haldið því fram, að hann hafi haft lögmæt forföll á þeim tíma, sem þinghald í málinu var háð, en honum stoðar ekki að bera fyrir sig, að fjarvistir dagana á undan hafi staðið í vegi því, að hann gæti vitjað boðunar til þinghaldsins. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Glit ehf., greiði varnaraðila, Ara og Co., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 18. september 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. september sl. vegna kröfu stefnda um endurupptöku, er höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra af Ara og Co., Skipagötu 12, Akureyri, með stefnu, birtri 21. janúar 1997, á hendur Gliti hf., Hólavegi 3, Ólafsfirði.

Í þinghaldi 11. september sl. varð útivist af hálfu stefnda, og beindi dómari málsmeðferðinni í þann farveg, sem 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála gerir ráð fyrir. Í samráði við stefnanda átti aðalmeðferð að fara fram föstudaginn 19. september nk., en stefnandi ætlaði þá að leiða vitni fyrir dóminn og að svara vörnum stefnda í skriflegri sókn.

Með bréfi, dags. 12. september sl., fór fyrirsvarsmaður stefnda fram á endurupptöku málsins frá og með fimmtudeginum 11. september 1997 kl. 11.30 fyrir hádegi.

Lögmaður stefnanda hefur andmælt kröfunni.

I.

Fyrirsvarsmaður stefnda reisir kröfu sína um endurupptöku á því, að hann hafi ekki fengið boðun í fyrrgreint þinghald í tæka tíð, og hafi hann þar af leiðandi haft lögmat forföll. Þessu til stuðnings vísar hann til kvittunar frá pósthúsinu á Ólafsfirði, en samkvæmt henni var ábyrgðarbréf, sem í var boðun dómsins í umrætt þinghald, afhent honum 11. september sl. kl. 13.18. Kröfuna setur fyrirsvarsmaður stefnda fram á grundvelli laga nr. 91/1991, og tiltekur hann sérstaklega 97. gr. laganna.

Lögmaður stefnanda hefur andmælt endurupptökukröfu stefnda með vísan til þess, að 97. gr. laga nr. 91/1991 hefur að geyma tæmandi talningu atvika og að þar sé ekki getið þess tilviks, sem fyrirsvarsmaður stefnda reisir kröfu sína á. Þá vísar hann einnig til þess, að boðun til þinghaldsins 11. september sl. hafi verið í fullu samræmi við 92. gr. laga nr. 91/1991.

II.

Álitaefni í máli þessu lýtur að því, hvort boðun í þinghald 11. september sl. hafi fullnægt áskilnaði 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991 og hvort stefndi hafi haft lögmat forföll, sbr. 97. gr.

Í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991 er tekið fram, að tilkynningar þurfi að senda með sannanlegum hætti og innan hæfilegs frests. Hvað telst hæfilegur frestur í því sambandi, er háð mati dómara hverju sinni. Fyrirsvarsmaður stefnda var boðaður til þinghaldsins með ábyrgðarbréfi, sem sent var 4. september, og er óumdeilt, að fyrirvarsmanninum barst boðunin 11. september sl. Líkt og póstsamgöngum er háttað, verður að telja, að fyrirsvarmaður stefnda hafi fengið tilkynningu um ábyrgðarbréfið með þriggja til fjögurra daga fyrirvara. Fyrirsvarmaður stefnda hefur ekki lagt fram nein gögn, t. d. upplýsingar frá pósthúsinu á Ólafsfirði, um komu ábyrgðarbréfsins og/eða útburð tilkynningar, sem leitt gætu líkur að því, að honum hafi ekki borist boðunin innan hæfilegs frests. Kvittun sú, sem hann hefur lagt fram, staðfestir einungis, hvenær hann sótti ábyrgðarbréfið, en upplýsir ekkert um það, hvenær tilkynningin um ábyrgðarbréfið barst honum. Að þessu virtu þykir boðun héraðsdómara hafa fullnægt skilyrðum 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991.

Til þess að forföll verði talin lögmæt, þurfa þau að stafa af ástæðum, sem tilgreind eru í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991. Fyrirsvarmaður stefnda hefur í máli þessu ekki sýnt fram á, að hann hafi verið bundinn þeim nauðsynjum, sem áskildar eru í nefndri lagagrein, og að hann hafi af þeim sökum eigi getað sinnt tilkynningum pósthúss um ábyrgðarsendingu frá héraðsdómi. Er því ekki unnt að fallast á, að forföll þau, sem fyrirsvarmaður stefnda tilgreinir í bréfi sínu, falli undir nefnda lagagrein.

Með vísan til framanritaðs er beiðni fyrirvarsmanns stefnda um endurupptöku hafnað.

Úrskurð þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu fyrirvarsmanns stefnda um endurupptöku máls nr. E-41/1997 er hafnað.